

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 251 31. des. 1965 um breyting á reglugerð
Vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. des. 1958.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

8. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá vatnsveitunni, skal greiða tengigjald kr. 23.00 á hvern rúmmetra húss allt að 2000 rúmmetra stærð, en kr. 15.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram.

Tengigjald skal greiðast að fullu áður en tenging fer fram.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

10. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Af hverri fasteign, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins skal greiða árlegan vatnsskatt til vatnsveitunnar.

Álagningarstofn vatnsskattsins skal vera heildarmat hvernar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.75% af framangreindu mati. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en svarar kr. 7.00 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 19.00 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð vatnsskattsins aldrei vera hærri en svarar kr. 34.00 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er.

Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki vatnsskattur.

Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 3 700.00.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og skal þá greiða vatnsskatt samkvæmt samþykktum uppráttum. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Framantalin gjöld skv. 8. og 10. gr. eru miðuð við byggingavísitölu 119 stig, og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingavísitöluna, eins og hún er í árslok hverju sinni, þó má hækka ekki nema meira en 50% án samþykkis ráðuneytisins.

Reglugerð þessi sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. janúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

B 15